

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar Sorpu bs.


Við höfum endurskoðað skýrslu um grænt bókhald Sorpu bs. fyrir árið 2006 en hún hefur að geyma yfirlýsingu stjórnar, yfirlit um orku og hráefnanotkun ásamt öðrum upplýsingum um hvernig umhverfismálum starfseminnar er háttað. Skýrslan er lögð fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á skýrslunni á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 851/2002 um grænt bókhald. Samkvæmt henni ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiist um að tölur sem gefnar eru upp í skýrslunni séu réttar og í samræmi við fjárhagsbókhald félagsins. Endurskoðunin felur í sér athuganir á gögnum í fjárhagsbókhaldi til að sannreyna að fjárhæðir og upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum séu í samræmi við skýrslu um grænt bókhald. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.


Það er álit okkar að skýrsla um grænt bókhald sé í samræmi við fjárhagsbókhald félagsins á árinu 2006 og aðrar upplýsingar sem í henni koma fram séu rétt fram settar.

Reykjavík, 26. mars 2007

Grant Thornton endurskoðun ehf.



Ólafur G. Sigurðsson
löggiltur endurskoðandi





Gerður Guðjónsdóttir
löggiltur endurskoðandi

Stjórn SORPU bs. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með skýrslu um grænt bókhald byggðasamlagsins fyrir árið 2007 með undirritun sinni.

Reykjavík, 31. mars 2008.

Í stjórn
SORPU bs.



Ómar Stefánsson
Hristjánn Sveinbjörnsdóttir
Herdís Þingorjónsdóttir
Þórunn Magnúsdóttir
Guðrún Guðmundsdóttir

Framkvæmdastjóri
SORPU bs.




Grænt bókhald

SORPA bs. er byggðasamlag í eigu sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu sem býður íbúum og fyrirtækjum þjónustu við móttöku úrgangs og tryggir viðeigandi meðhöndlun hans.

SORPA er í eigu Reykjavíkur (60,0%), Kópavogs (14,6%), Seltjarnarness (2,3%), Hafnarfjarðar (12,7%), Garðabæjar (5,0%), Mosfellsbæjar (4,2%) og sveitarfélagsins Álftaness (1,2%).

Starfsstöðvar SORPU



Mynd 8.1 Staðsetning starfsstöðva SORPU

Starfsleyfi SORPU

Gildistími starfsleyfa SORPU fyrir urðunarstaðinn Álfsnesi og móttökustöðina Gufunesi er til 31. desember 2012. Starfsleyfin voru endurskoðuð árið 2005.

Móttökustöð SORPU og urðunarstaður Álfsnesi

Starfsleyfisveitandi: Umhverfisstofnun.
Eftirlitsaðili: Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur.

Endurvinnslustöðvar SORPU

Starfsleyfisveitandi: Heilbrigðisnefnd viðkomandi sveitarfélags.
Eftirlitsaðili: Heilbrigðisnefnd viðkomandi sveitarfélags.

Fyrirtækjaflokkur

Fyrirtækið starfar á sviði úrgangsmeðhöndlunar og fellur undir flokk 5 samkvæmt fylgiskjali reglugerðar: 5.3. „Stöðvar fyrir förgun úrgangs annars en spilliefna sem geta afkastað meira en 50 tonnum á dag“ og 5.4. „Urðunarstaðir sem taka við meira en 10 tonnum á dag eða geta afkastað meira í heild en 25.000 tonnum af óvirkum úrgangi“.

Stjórn SORPU bs. skipa, sjá inngang ársskýrslu.

Bókhaldstímabil

Tímabilið nær yfir allt árið 2007, frá 1. janúar til 31. desember 2007.

Yfirlýsing stjórnar SORPU

Sem starfsleyfisskylt fyrirtæki ber SORPU að halda og birta grænt bókhald samkvæmt reglugerð 851/2002 um grænt bókhald.

SORPA vill þó ekki aðeins sinna skyldu sinni heldur leggur metnað sinn í að flokka vandlega þann úrgang sem fellur til hjá fyrirtækinu og halda nákvæmt efnisbókhald yfir hráefni og orku sem notuð eru í starfssemi fyrirtækisins. Þessu verkefni er sinnt af kappi allan ársins hring til að tryggja að hægt sé að veita eftirlitsaðilum, stofnunum og almenningi gagnlegar upplýsingar um það hvernig umhverfismálum er háttað hjá SORPU. Grænt bókhald er gefið út í ársskýrslu SORPU og birt á heimasíðu fyrirtækisins, sorpa.is.

Áherslur í umhverfismálum

Vakning í umhverfismálum

Ákveðið var á árinu að gefa út umhverfisstefnu SORPU og þannig skjalfesta það sem unnið hefur verið að um langa tíð. SORPA hefur ávallt lagt mikla áherslu á umhverfismál og öll starfsemi fyrirtækisins frá upphafi hefur tekið mið af því að vanda skuli sérstaklega til verka sem snúa að málefnum umhverfisins. Því var tímabært að sú stefna sem fyrirtækið hefur fylgt yrði færð í formlegan búning og gefin út.

Í stefnuskjalinu kemur ekki fram óskhyggja um hvernig æskilegt væri að standa að málunum eða hvernig málum verður háttað í framtíðinni. Í umhverfisstefnunni er aðeins að finna það sem SORPA gerir nú þegar og stendur við. Framtíðarmarkmið sín setur fyrirtækið hins vegar fram sem tímasett markmið sem unnið er skipulega að. Í stefnunni stendur að: „SORPA vinnur í sátt við umhverfið og með sjónarmið umhverfisverndar og sjálfbærrar þróunar að leiðarljósi“. Einnig eru taldir upp helstu punktar sem lögð er áhersla á varðandi umhverfismál.

SORPA er umhverfis- og þjónustufyrirtæki

Starfsmenn SORPU sinna afar mikilvægu hlutverki við umhverfisvernd á höfuðborgarsvæðinu þar sem þeir aðstoða fyrirtæki og almenning við að koma sínum úrgangi í viðeigandi farvegi. Þeir hafa umfangsmikla þekkingu á rétttri meðhöndlun úrgangs og endurvinnslumöguleikum hans. Það má því segja að starfsmenn SORPU upplifi umhverfisvernd í verki þar sem þeir sjá magnið sem berst af úrgangi og taka þátt í stöðugri vinnu við að auka magn þess sem fer í endurvinnslu. Einnig verða þeir vitni að þeirri stórkostlegu endurnýtingu sem á sér stað með sölu nytjahluta í Góða hirðinum. SORPA hefur komið að umhverfisuppeldi allt frá upphafi og haft það að leiðarljósi að rétt meðhöndlun úrgangs sé á ábyrgð okkar

allra. Með því að taka á móti nemendum á öllum aldri í fræðsluferð um fyrirtækið fer fram kynning á því hvernig flokka eigi úrgang til að nýta betur verðmæti sem þar leynast og þannig er stuðlað að meðvitaðri æskuhóp í samfélaginu.

Innan SORPU hefur skapast fyrirtækjamenning sem einkennist af áhuga starfsmanna á umhverfisvernd. Þessi áhugi er markvisst eflur með árlegum umhverfismánuði SORPU þar sem m.a. er minnt á umhverfisstefnu fyrirtækisins. Í tengslum við umhverfismánuðinn er gefið út starfsmannaritíð Vistivitinn sem birtir fréttir af helstu þróunarverkefnum fyrirtækisins í umhverfismálum, ýmsan fróðleik um úrgangsmál og viðtöl eða skoðanaskipti starfsmanna. Allan ársins hring eru haldnir fundir með tengiliðum starfsdeilda þar sem veitt er aðstoð og hvatning við flokkun úrgangs en mikil áhersla er lögð á að nákvæmni og metnaður séu í fyrirrúmi við efnisbókhald og skráningu úrgangs.

Umhverfisstefna SORPU og markmið

SORPA vinnur eftir umhverfisstefnu og setur sér árleg markmið til að stuðla að stöðugum umbótum í umhverfismálum. Markmið í umhverfismálum fyrir árið 2007 voru eftirfarandi:

Markmið 1 – Innan ársins 2007 verður 90% af bílafloata SORPU keyrður án nagladekkja yfir vetrartímann.

Markmið 1 hefur verið endurskoðað og áfram verður unnið að því á árinu 2008. Á árinu 2007 voru um 60% af bílafloata SORPU keyrður án nagladekkja yfir vetrartímann. Töluverður hluti flotans var á nýjum negldum dekkjum og dró það úr mönnum að skipta þeim út. Ákveðið var að við næstu endurnýjun yrðu keypt ónegld dekk og markmiðinu þannig náð.

Markmið 2 – Innan ársins 2007 verði búið að bjóða starfsmönnum upp á fræðslu í umhverfismálum sem tengir daglegt starf þeirra við stærra samhengi umhverfismála og eykur vandvirkni og umhverfisvitund í starfi.

Markmiði 2 var náð með margvíslegum hætti. Fulltrúar starfsmanna mættu ársfjórðungslega á fundi varðandi flokkun úrgangs, haldinn var umhverfismánuður SORPU og gefið var út starfsmannablað um umhverfismál.

SORPA heldur áfram að setja sér tímasett og mælanleg markmið til að framfylgja umhverfisstefnu sinni:

Markmið 3 – Innan ársins 2008 verði gróðursett 5 þúsund tré á svæði urðunarstaðarins í Álfsnesi sem liður í að draga úr styrk koldíoxíðs í andrúmsloftinu.

Markmið 4 – Innan ársins 2008 hafi 80% starfsmanna sótt námskeið í vistakstri sem er liður í því að draga úr eldsneytisnotkun fyrirtækisins.

Umhverfisáhrif af starfsemi SORPU

Líkt og af allri fyrirtækjastarfsemi verður umhverfið fyrir áhrifum af starfsemi SORPU. Mikilvægt er þó að skrásetja þessi áhrif til að hægt sé að þróa vinnuferla sem draga úr þeim. Umhverfisáhrif sem hljóttast af starfsemi SORPU verða þegar úrgangur fellur til innan fyrirtækisins vegna neyslu eða notkunar frá degi til dags. Allur slíkur úrgangur er flokkaður á hverri starfsstöð fyrir sig, vigtaður og skráður. Þá á sér stað hráefnisnotkun við daglega starfsemi SORPU, ýmist í formi efna eða orku, ásamt losun gróðurhúsalofttegunda í formi útblásturs frá ökutækjum fyrirtækisins.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir umhverfisáhrifum sem fyrirtækið veldur. Ýmis viðmið má nota til þess að meta þessa þætti. Valið hefur verið að notast við:

- Heildarmagn úrgangs sem fer um fyrirtækið eða 216.668 tonn, miðað við 220.767 tonn árið 2006.
- Heildar orkunotkun innan fyrirtækisins sem var kWh, miðað við unnin ársverk innan fyrirtækisins, sem voru 95,52 á árinu 2007. Þetta gefur viðmiðunartöluna 38.626 kWh/ársverk fyrir 2007 en árið 2006 voru þetta 43.567 kWh/ársverk, (sjá töflu 8.5).
- Heildar orkunotkun innan fyrirtækisins sem var 3.689.562 kWh, miðað við heildar íbúafjölda þjónustusvæðisins, sem voru 195.970 íbúar 1. desember 2007. Þetta gefur viðmiðunartöluna 18,83 kWh/íbúa fyrir 2007 en árið 2006 voru þetta 20,57 kWh/íbúa, (sjá töflu 8.5).

Úrgangur sem fellur til

Á öllum starfsstöðvum fellur til úrgangur svo sem pappír, umbúðir úr sléttum pappa og bylgjupappi. Til að tryggja nákvæmni í grænu bókhaldi skráir fulltrúi hvernar starfsstöðvar þann úrgang sem vigtaður er og heldur utan um bókhaldsgögnin. Með þessu móti eru starfsmenn gerðir ábyrgir fyrir vinnslu þessa þáttar græna bókhaldsins. Ákveðnar deildir hafa nýtt heppilega aðstöðu og áhuga starfsmanna til að vera með sértækari flokka líkt og lífrænan úrgang en allar starfsstöðvar eru hvattar til að vigta sem flesta úrgangsflokka.

Tilgangurinn með því að vigta úrgang er að gera sér grein fyrir magni með það að sjónarmiði að draga úr neyslu og auka magn þess sem fer í endurvinnslu í stað urðunar. Heildarmagn ársins 2007 var 5.482 kg, en er það 23% aukning frá árinu 2006. Sú aukning skýrist af því að farið var að vigta úrgang á fleiri starfsstöðum en áður. Af þessari heildartölu fóru 56% í urðun og 44% í endurvinnslu. Þróunin er jákvæð því árið 2006 fóru 57% í urðun og 43% í endurvinnslu.

Ákveðna breytingu á milli ára má merkja í lífrænum úrgangi. Hingað til hefur lífrænn úrgangur verið vigtaður á skrifstofu og endurvinnslustöð Sævarhöfða. Á árinu 2007 var hins vegar farið að vigta lífrænan úrgang frá kaffihorninu í Góða hirðinum og skýrir það þessa aukningu.

Í kjölfar tilraunaverkefnis, sem stendur yfir hjá SORPU, með móttöku á umbúðum úr plasti til endurvinnslu gátu þær starfsstöðvar sem vildu vigtað hjá sér plastumbúðir. Það verkefni fór hægt af stað en mun væntanlega festa sig í sessi á komandi árum.

Tafla 8.1 Samantekt á magni úrgangs frá fyrirtækinu

	Mæliein.	2007	Umhverfisáhrif/ ársverk	2006	Umhverfisáhrif/ ársverk
Blandaður úrgangur	kg	3.059	32,02 kg/ársverk	2.416	26, 74 kg/ársverk
Lífrænn úrgangur	kg	533	5,58 kg/ársverk	427	4,73 kg/ársverk
Skrifstofupappír	kg	357	3,74 kg/ársverk	277	3,07 kg/ársverk
Blandaður pappír	kg	967	10,12 kg/ársverk	548	6,06 kg/ársverk
Umbúðir úr sléttum pappa	kg	236	2,47 kg/ársverk	220	2,43 kg/ársverk
Bylgjupappi	kg	109	1,14 kg/ársverk	196	2,17 kg/ársverk
Skilagjaldskyldar umbúðir	kg	126	1,32 kg/ársverk	114	1,26 kg/ársverk
Umbúðir úr plasti*	kg	45*	0,47 Kg/ársverk*	---	---
Spilliefni	kg	17	0,18 kg/ársverk	9	0,10 kg/ársverk
Málmar	kg	33	0,35 kg/ársverk	35	0,39 kg/ársverk
Samtals	kg	5.482	57,39 kg/ársverk	4.243	46,95 kg/ársverk

*Nýr flokkur sem ekki var vigtaður árið áður.

Hráefni fyrir starfsemina

Meðal þess hráefnis sem notað er í starfssemi SORPU eru jarðvegsefni, þ.e. bögglaberg, grús/drenmöl og sandur, en hins vegar er ekki nema lítill hluti af því aðkeypt. Urðunarstaðurinn er svo gott sem sjálfbær með undirlag og þekjandi efni svo sem grús og drenmöl. Magn af jarðvegsefnum og jarðvegsdúk sem notað er að hverju sinni fer alfarið eftir því hvort verið sé að byrja á nýrri urðunarrein eða klára að fylla upp í eldri rein.

Í þessum útreikningum er miðað við að 1 m³ af bögglabergi vegi 1,4 tonn og að 1 m³ af grús/drenmöl vegi 1,7 tonn.

Tafla 8.2 Hráefnanotkun hjá SORPU


Mæliein.		2007	Umhverfisáhrif/ innvegin tonn úrg.	2006	Umhverfisáhrif/ innvegin tonn úrg.
Jarðefni	kg	19.943.000	92 kg/tonn	15.237.000	69 kg/tonn
Bindivír	kg	240.000	1,11 kg/tonn	235.000	1,06 kg/tonn
Jarðvegsdúkur	m ²	12.000	0,06 m ² /t	15.000	0,07 m ² /t

Notkun á rafmagni og heitu eða köldu vatni er mest í móttökustöð SORPU þar sem knýja þarf orkufrekar böggunarvélar og nota vatn ýmist til snjóbræðslu eða þrifa. Notkun rafmagns helst yfirleitt í hendur við heildarmagn innveginna tonna en notkun heita vatnsins sveiflast talsvert eftir veðurfari. Töluvert dró úr notkun kalda vatnsins í móttökustöðinni en kalt vatn hefur verið notað til að binda ryk sem þyrlast upp við timburvinnslu. Í lok árs 2006 var timburvinnslan flutt út úr húsi á plan og þ.a.l. var ekki eins mikil þörf fyrir úðun á árinu 2007.

Heildarvatnsnotkun í móttökustöð fyrir árið 2007 samkvæmt álestri viðhaldssviðs móttökustöðvar var: Heitt vatn er 26.520 (27.738 árið 2006) tonn eða 75% (71%) af heildarnotkun hjá SORPU. Kalt vatn er 31.588 (37.872 árið 2006) tonn eða 84% (96%) af heildarnotkun hjá SORPU.

Tafla 8.3 Orku- og vatnsnotkun hjá SORPU, án ökutækjaeldsneytis

Mæli- ein.		2007	Umhverfisáhrif/ innvegin tonn úrg.	2006	Umhverfisáhrif/ innvegin tonn úrg.
Rafmagn	kWh	2.056.713	9,49 kWh/t	2.083.394	9,44 kWh/t
Heitt vatn	m ³	35.399	0,16 m ³ /t	38.994	0,18 m ³ /t
Kalt vatn	m ³	37.438	0,17 m ³ /t	39.421	0,18 m ³ /t



Mynd 8.2 Vatnsnotkun innan SORPU á árunum 2002 til 2007

Af 26 ökutækjum SORPU voru árið 2007 19 þeirra metanbílar, þar af 18 bifreiðar frá Volkswagen og ein frá Volvo. Á árinu 2007 eignaðist SORPA sjö nýja metanbíla af tegundinni Volkswagen Caddy og Touran og hafa þeir reynst mjög vel.

Tafla 8.4 Eldsneytisnotkun innan SORPU

	Mæliein.	2007	Umhverfisáhrif/ innvegin tonn úrg.	2006	Umhverfisáhrif/ innvegin tonn úrg.
Bensín	l	11.508	0,05 l/t	12.405	0,06 l/t
Dísilolía	l	11.219	0,05 l/t	14.891	0,07 l/t
Metan	m ³	18.492	0,09 m ³ /t	24.722	0,11 m ³ /t

Til að átta sig á vægi þeirra mismunandi orkugjafa og hráefna sem SORPA notast við verður hér brugðið upp samanburði af orkuinnihaldi og áhrifum af notkun miðað við innvegin tonn af úrgangi. Samtala þessa þátta er metin sem heildar orkunotkun fyrirtækisins á árinu 2007.

Eftirfarandi forsendur eru lagðar samanburðinum til grundvallar:


Orkuinnihald bensíns:	44,3 MJ/kg bensín
Rúmpyngd bensíns:	750 kg/m ³
Orkuinnihald dísilolíu:	43,0 MJ/kg dísilolíu
Rúmpyngd dísilolíu:	800 kg/m ³
Orkuinnihald metans:	50,0 MJ/kg metan
Rúmpyngd metans:	0,7 kg/m ³
1 MJ:	3,6 kWh
Efra hitastig á heitu vatni:	70 °C

Neðra hitastig á heitu vatni: 40 °C
 Orkuinnihald á heitu vatni: 4,2 kJ/kg °C

Tafla 8.5 Samantekt á heildar orkunotkun innan SORPU

Mæliein.	2007	Orkuinnihald kWh	Áhrif/innvegin tonn	2006	Orkuinnihald kWh	Áhrif/innvegin tonn	
Bensín	tonn	8,6	105.828	0,49 kWh/t	9,3	114.442	0,52 kWh/t
Dísílolía	tonn	9,0	107.500	0,50 kWh/t	11,2	133.778	0,61 kWh/t
Metan	tonn	13,0	180.556	0,83 kWh/t	17,3	240.278	1,09 kWh/t
Rafmagn	kWh	2.056.713	2.056.713	9,49 kWh/t	2.083.394	2.083.394	9,44 kWh/t
Heitt vatn	tonn	35.399	1.238.965	5,72 kWh/t	38.994	1.364.790	6,18 kWh/t
Samtals			3.689.562	17,03 kWh/t		3.936.682	17,84 kWh/t

Eins og sjá má á myndinni hér að neðan hafa áhrif orkunotkunar per innvegin tonn af úrgangi haldist nokkuð stöðug undanfarin ár.



Mynd 8.3 Samanburður á rafmagnsnotkun hjá SORPU og innvegnum tonnum af úrgangi

Útblástur gróðurhúsalofttegunda

Ýmsar lofttegundir teljast auka gróðurhúsaáhrif en af þeim sem hljóttast af starfsemi SORPU ber helst að nefna koltvísýring (CO_2) og metan (CH_4). Þessa losun má að mestu leyti rekja til urðunar-staðarins og bílaflotans. Ökutæki SORPU aka ýmist fyrir metani, bensíni eða gasolíu. Eins og sjá má á mynd 8.3 er vægi jarðefniseldsneytanotkuna hjá SORPU að dragast saman vegna meiri notkunar metans.


Eftirfarandi forsendur eru notaðar til að ákvarða útstreymi gróðurhúsalofttegunda frá bílaflota fyrirtækisins:

Rúmþyngd olíu: 800 kg/m³
 Rúmþyngd bensíns: 750 kg/m³
 Framleiðsla: 3,17 kgCO₂/kg-eldsneyti - 2,73 kgCO₂/kg-CH₄

Tafla 8.6 Gróðurhúsalofttegundir frá eldsneytisnotkun á ökutæki SORPU

	Mæliein.	2007	Umhverfisáhrif/ innvegin tonn úrg.	2006	Umhverfisáhrif/ innvegin tonn úrg.
Bensín	tonn	8,6	0,13 kg-CO ₂ /t	9,3	0,13 kg-CO ₂ /t
Gasolía	tonn	9,0	0,13 kg-CO ₂ /t	11,2	0,16 kg-CO ₂ /t
Metan	tonn	(13,0) *	(0,16 kg CO ₂ /t) *	(17,3)*	(0,21 kg CO ₂ /t)*
Samtals	tonn		0,26 kg-CO₂/t		0,29 kg-CO₂/t

* Sá koltvísýrlingur sem verður til við bruna á metani er ekki reiknaður með því hér er ekki um koltvísýrling frá jarðefnaeldsneyti að ræða og eykur því ekki á magn gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftinu.



Mynd 8.4 Samantekt á umhverfisáhrifum af notkun bensíns og dísilolíu sem eldsneyti í kg af CO₂/tonn

Sú vitundarvakning sem hefur átt sér stað í úrgangsmálum hefur einnig náð til orkumála en aukinn áhugi er meðal almennings um umhverfisvænt eldsneyti. Metan er eldsneyti sem unnið er úr hauggasi og með því að nota metan í stað bensíns eða gasolíu er unnt að draga verulega úr mengun. Metan er orkurík aukaafurð frá meðhöndlun úrgangs sem upplagt er að nýta í stað jarðefnaeldsneytis. Þar sem metan í hauggasi er kraftmikil gróðurhúsalofttegund, eða allt að 21 sinnum öflugara en koltvísýrlingur ef það fær að gufa óhindrað upp úr haugnum, er upplagt að draga úr áhrifum hauggassins um leið og framleitt er umhverfisvænt eldsneyti. Dótturfyrirtæki SORPU, Metan hf., hefur það hlutverk að sjá um sölu og markaðssetningu eldsneytisins. Haldin var vel heppnuð ráðstefna í febrúar 2007 í tilefni af 10 ára afmæli gassöfnunar í Álfsnesi, sem bar yfirskriftina *Hvernig ökum við í átt að vistvænni framtíð? – verður metan lykilorðið*. Í kjölfar ráð-stefnunnar mátti finna mikinn meðbyr í samfélaginu og á meðal bílaumboða með notkun metans þar sem m.a. fleiri fyrirtæki fjárfestu í metanbifreiðum á árinu 2007.

Tafla 8.7 Magn unnið af Metan hf. og sparaður útblástur

	Magn í Nm ³ 2007	Magn í tonnum 2007	Gróðurhúsa-áhrif án notkunar tonn-CO ₂ 2007	Magn í Nm ³ 2006	Magn í tonnum 2006	Gróðurhúsa-áhrif án notkunar tonn-CO ₂ 2006
Ökutæki	236.000	165	3.465	141.163	98,8	2.075
Raforka	56.000	39	819	310.000	217	4.557
Sparað jarðefnaeldsneyti		177	473		111,5	353
Samtals sparnaður í CO₂			4.757			6.985*

(*) Leiðrétt frá ársskýrslu 2005.

Nokkur vandræði sköpuðust í metanvinnslunni í kjölfar á uppsetningu hreinsistöðvar og breyttra aðferða við borun á gasholum. Brennarinn sem notaður var til að brenna hauggasinu brann árið 2006 og varð því að draga úr dælingu metans úr haugnum. Við þessar breytingar virðist hafa byrjað að safnast vatn í hauginn sem hefur truflað reksturinn verulega undanfarið ár, þannig að ekki hefur tekist að dæla nægjanlegu hauggasi fyrir rafstöðina. Einnig var rafstöðin biluð hluta af árinu 2007. Af þessum orsökum er sparnaður á útblæstri árið 2007 minni en árið 2006.